

Skipulags- og mannvirkjanefnd - 623 (11.1.2024) - Sindragata 4a 2. Umsókn um byggingarlóð undir fjölbýlishús

Málsnúmer : 2024010233

Málsaðili : Vestfirskir verktakar ehf.

Niðurstaða (stutt) : Lagt fram

Fundardagur : 11.01.2024

Inngangur : Lagt fram bréf frá SEI, f.h. Vestfirska verktaka ehf, dags. 9. janúar 2024, þar sem óskað er eftir því gerð verði óveruleg breyting á núgildandi deiliskipulagi, þar sem kveðið er á um hámarkshæð þaks: 10,5 m yfir gólfkóta jarðhæðar, eða K=13,5 í hæðarkerfi Ísafjarðarbæjar.

Meðfylgjandi uppdættir sýna hámarkshæð upp á 11,5 m yfir gólfkóta jarðhæðar, eða 1 m hærra en leyfilegt er samkvæmt deiliskipulagi.

Ástæðan fyrir ósk um hækkun er að verkkaupinn og verktakinn, sem í þessu tilfelli er sami aðilinn, reisti núverandi hús sem stendur á lóðinni (Sindragata 4A) og í því tilfelli var gerður fullniðurgrafinn kjallari niður á u.þ.b. 3 m dýpi eða K=0,0 í hæðarkerfi Ísafjarðarbæjar. Á þessu dýpi skapast alls kyns vandamál vegna sjávarfalla og krefst dælubúnaðar með miklum tilkostnaði.

Niðurstaða : Skipulags- og mannvirkjanefnd heimilar að fram fari grenndarkynning skv. 2 mgr. 44. gr. skipulagslaga 123/2010, fyrir eigendum fasteigna við Sindragötu 4 og 4a og Aðalstrætis 8 og 10.